

Fundargerð 11.11.21

Mætt voru: Erla, Gunnar, Ólöf Kristín, Sandra Lóa, Ingibjörg M. , Sunneva, Steinar, María Pálmadóttir skólastjóri sem stýrði fundi og Margrét Ólöf Jónsdóttir aðstoðarskólastjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundarins:

Hlutverk og starfshætti skólaráðs: María fór yfir hlutverk og starfshætti skólaráðs sem starfar eftir reglugerð: <https://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/1157-2008>. María fór yfir dagskrá funda skólaráðs í vetur og þau umræðuefni sem tekin verða fyrir hverju sinni.

Fjallað um skólanámskrá og starfsáætlun Setbergsskóla: María kynnti skólanámskrá Setbergsskóla fyrir skólaárið 2021-2022. Skólanámskráin er á heimasíðu Setbergsskóla.

Fulltrúar í skólaráði staðfestu með undirskrift sinni að fjallað hefði verið um skólanámskrá Setbergsskóla árið 2021-2022.

Mat á skólastarfi og umbótaáætlun kynnt (innra- og ytra mat); María fór yfir matsáætlun Setbergsskóla. Hún fór m.a. yfir hvernig verkefnum er skipt eftir mánuðum. Þessi verkefni eru hluti af gæðastarfi í skólastarfinu. María benti á þau símenntunarverkefni sem unnið var að á síðasta skólaári ásamt samantekt á nemendakönnunum, foreldrakönnun, mælingum á læsi og samræmd próf. Einnig var farið yfir þau þróunarverkefni sem unnin verða á þessu skólaári. María fór því næst yfir vinnuskjal umbótateymis en þar kemur fram hvaða verkefni er unnið að, tímasetningar og staða verkefna þ.e. hvort þau eru í vinnslu eða hvort þeim er lokið.

Skólaþing; efni og tímasetning:

Rætt var um þá hugmynd að halda skólaþing á næsta ári. Stjórnendur óska eftir umræðuefni skólaþings verði símareglur í skólanum.

Það er mikilvægt nemendum, foreldrar og starfsfólk skólans séu sammála um hvaða reglur gilda um símanotkun í skólanum.

Rætt var um að fá fyrirlesara á skólaþingið til að fræða skólasamfélagið um net- og símanotkun.

Rætt var um tímasetningu skólaþings og var 12. febrúar 2022 nefndur sem möguleg tímasetning.

Önnur mál:

Fundi slitið,

Margrét Ólöf Jónsdóttir.